

## Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

### 1. gr.

#### Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

### 2. gr.

#### Sorphirðugjald

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

| Ílátastærð | Grátunna   | Blátunna   | Græntunna  | Lífræn tunna |
|------------|------------|------------|------------|--------------|
| 240 l ílát | 14.220 kr. | 4.740 kr.  | 4.740 kr.  | 4.740 kr.    |
| 660 l ílát | 42.660 kr. | 14.220 kr. | 14.220 kr. |              |
| 120 l ílát |            |            |            | 2.370 kr.    |

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er **kr. 23.700** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

### 3. gr.

#### Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald **kr. 21.700** af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

### 4. gr.

#### Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

| Úrgangstegund              | Kr. kg. m. vsk |
|----------------------------|----------------|
| Blandaður heimilisúrgangur | 36,03          |
| Grófur úrgangur óflokkaður | 49,16          |
| Grófur úrgangur flokkaður  | 17,8           |
| Timbur hreint              | 5,79           |
| Timbur litað               | 17,37          |
| Garðaúrgangur              | 3,25           |
| Trjábolir og greinar       | 5,52           |

|                              |           |
|------------------------------|-----------|
| Heyrúlluplast                | 0         |
| Hjólbarðar                   | 0         |
| Umbúðir úr bylgjupappa       | 0         |
| Raftæki                      | 0         |
| Dýrarhæ og sláturúrgangur    | 21,78     |
| Óvirkur úrgangur             | 3,25      |
| Lífrænn úrgangur             | 0         |
| Óflokkaður pappi             | 18,6      |
| Spilliefni                   | 0         |
| Heimsendur gámur, flokkaður* | 22.500 kr |

\*Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd og tegund innihaldsins.

\*Heimili í Rangárvallasýslu mega þó skila að hámarki 1m<sup>3</sup> á dag án greiðslu.

#### 5. gr.

#### Samþykki og staðfesting

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 13.11.2019 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1348/2018.

Strönd, 13.11.2019

---

Ágúst Sigurðsson,  
Formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.